



FUNDARGERÐ

Siglingaþing 27.02.2021

Aðalsteinn Jens Loftsson formaður Siglingasambands Íslands setur þingið og stingur upp á Birni Rúnarssyni og Arnari Þór Stefánssyni í kjörbréfa nefnd. Uppástunga formanns samþykkt með lófataki.

Því næst stingur formaður upp á Erlendi Kristjánssyni sem þingforseta sem er samþykkt með lófataki. Erlendur tekur við stjórn fundarins og stingur upp á Ragnari Tryggvasyni sem þingritara sem er samþykkt með lófataki.

Kjörbréfanefnd kom með engar athugasemdir varðandi kjörbréfin og allir fulltrúar á fundinum voru því gjaldgengir.

Í Fjármálanefnd voru kosin:

- Markús Pétursson
- Björn Heiðar Rúnarsson
- Marcel Mendes de Costa

Í Laganefnd voru kosin

- Ólafur Már Ólafsson
- Tryggvi Jóhann Heimisson
- Guðmundur Benediktsson

Skýrsla stjórnar var lögð fram og fór Aðalsteinn yfir helstu mál síðasta árs og þær áskoranir og tækifæri sem sköðuðust á síðasta ári. Farið var lauslega yfir úrslit móta síðasta árs og skýrslu frá World Sailing sem Úlfur H. Hróbjartsson skrifaði.

Því næst lagði Markús Pétursson fram reikninga síðasta árs og fór yfir helstu atriði.

Þingforseti opnaði mælendaskrá fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Fulltrúi ÍSÍ, Garðar Svansson ávarpaði fundin og tjáði fundargestum að Lárus L. Blöndal skilaði kveðju og óskaði fundargestum velfarnaðar á fundinum. Minntist hann á afreksstefnu ÍSÍ og einnig um starfsmann SÍL og mikilvægi þess að ráða í þá stöðu sem allra fyrst. Hann ræddi um þá staðreynd að á Íslandi búa orðið mikið af fólki sem talar ekki íslensku og að íþróttafélög verða að vera með stefnu til að ná samandi við þau. Einnig óskaði hann Akureyringum innilega til hamingju með nýja íþróttaaðstöðu.

Ólafur Már Ólafsson, Brokey tekur til máls og ræðir skýrslu stjórnar, spurði hvort ekki hefðir verið eðlilegt að færa niður birgðir sambandsins til að endurspegla raunvirði.

Tryggvi Jóhann Heimisson, Nökkva tekur til máls og ræðir um skýrslustjórnar og talar um jákvæðu hluti síðasta árs s.s. fjölgun iðkenda í íþróttinni. Hann styður frekari afskriftir eigna.



Pétur Th. Pétursson tekur til máls og veitir nokkur hvatningarorð fyrir siglingarfólk og mikilvægi þess að bjóða krakka og fjölskyldur velkomin í siglingarklúbbana. Hann minnir fólk á að þegar að hann var að byrja að sigla þá voru töluverðir fordómar gagnvart fólk sem vildi stunda siglingar sem áhugamál. Einnig ræðir hann um lengingu siglingarársins og að siglingarklúbbar eigi að skoða þá möguleika.

Aðalsteinn Jens Loftsson tekur til máls til þess að taka undir orð síðasta ræðumans.

Ólafur Már Ólafsson tekur til máls og nefnir sjálfboðastarfið og að það sé ekki hægt að keyra of mikið á sjálfboðaliðum. Talar um mikilvægi góðra og vel skipulagðra móta sem og góð mót ýta enn frekar á þátttöku iðkenda. Ræðir möguleikann á erlendum þjálfurum á æfingabúðum. Hann ræddi hve illa var staðið hjá SÍL að æfingabúðunum kæna 2020, lítið skipulag og seint farið í þá vinnu. Talar um nýbyggingar sem eru á döfinni hjá Brokey og óskar Akureyringum til hamingju með nýja aðstöðu.

Markús Pétursson tekur til máls og vill vekja athygli á æfingabúðum og aðkomu SÍL. Hann vill meiri aðkomu SÍL að skipulagi og framkvæmd.

Reikningar voru samþykktir með fyrirvara um að gerða verða ákveðnar breytingar á þeim (lagfæringar) og var þeim vísað til nýrrar stjórnar þar sem að nokkrar tölur voru ekki réttar og einnig vantaði skýringablað

Aðalsteinn Jens Loftsson leggur fram og kynnir fjárhagsáætlun

Því næst voru þau mál sem fyrir þinginu lágu kynnt og lögð fyrir nefndir.

- Fjárhagsáætlun
- Mótaskrá
- Lagabreytingar
- Afreksstefna SÍL

Aðalsteinn Jens Loftsson les upp lagabreytingar, kynnir mótaskrá og ræðir um afreksstefnu SÍL.

Hlé var gert á þingi á meðan nefndir störfuðu

Eftir hlé gerði Ólafur Már Ólafsson grein fyrir niðurstöðu laganefndar og voru breytingarnar bornar til kosninga.



Eftirfarandi tillögur og lagabreytingar voru samþykktar.

1. Tillaga: Ráðning starfsmanns til SÍL
2. Tillaga um Stefnu um kynningarmál
3. Tillaga er varðar skipulag styrktarmála.
4. Tillaga um Uppbygging þjálfaramenntunnar og vottun félaga sem starfa eftir verklags og vinnureglum sambandsins.
5. Tillaga um fjölgun keppnisstjóra
6. Tillaga um stefnumótun Siglingasambands Íslands
7. Lagabreytingartillaga um formannafund
8. Lagabreytingartillaga um breytt störf nefnda SÍL
9. Aðskilnaður Íslandsbikars og Íslandsmóts
10. Varadagur fyrir Íslandsmót
11. Afreksstefna SÍL
12. Mótaskrá

Lagabreytingartillaga nr. 8 „Lagabreytingartillaga um breytt störf nefnda SÍL“ var samþykkt og var ákveðið að stjórn á komandi ári þurfi að finna og skilgreina hlutverk þessara nefnda.

Tryggvi Jóhann Heimisson setti fram tillögu að SÍL myndi leggja fram 1. miljón fyrir kennslu og þjálfaranámskeið, sem var samþykkt einróma.

Fjárhagsáætlunin var síðan borinn undir fundinn og hún samþykkt.

Engin framboð höfðu borist þinginu áður en það hófst og því var kallað eftir framboðum til formanns og stjórnar. Aðalsteinn Jens Loftson gaf kost á sér til áframhaldandi setu formans og var hann samþykktur með lófataki.

Eftirfarandi aðilar gáfu kost á sér til setu í stjórn

- Markús Pétursson
- Tim Suthers
- Jón Kristinn Þórsson
- Björn Heiðar Rúnarsson

Fleiri buðu sig ekki fram til stjórnar og telst hún því sjálfkjörin. Eftirtaldir buðu sig fram til varamanna.

- Guðmundur Benediktsson
- Ríkarður Daði Ólafsson
- Ragnar Tryggvason

Fleiri buðu sig ekki fram og teljast þau því sjálfkjörin

Skoðunarmenn voru kosnir Gunnar Haraldsson og Ólafur Már Ólafsson

Ragnar Tryggvason